

AUGLÝSING

um deiliskipulag með Varmá frá Reykjalundarvegi að Húsadal, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti tillögu að deiliskipulagi með Varmá frá Reykjalundarvegi að Húsadal, 21. janúar 2004 í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Um er að ræða hluta af svæði sem auglýst var til kynningar 31. maí - 12. júlí 2002.

Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Reykjalundarvegi til vesturs, Reykjalundi og Reykjum til norðurs, Húsadal til austurs og Teigahverfi, Reykjahverfi og Ökrum til suðurs. Tillagan gerir ráð fyrir þéttingu og styrkingu núverandi byggðar jafnframt því sem svæðið er gert aðgengilegra til útivistar.

Jafnframt fellur úr gildi deiliskipulag fyrir Ásgarð I-III og hluti af deiliskipulagi Reykjalundar á landspildu milli Reykjalundarveggar og Bjargveggar.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og heimilar Skipulagsstofnun auglýsingu þessa.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Mosfellsbæ, 29. mars 2004.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna nr. 148 1. mars 2000.

1. gr.

1. og 2. mgr. 7. gr., sbr. reglugerð nr. 268 21. mars 2001, orðist svo:

Verð hlutamiða í hvorri flokkaröð skal vera 10.800 kr. ef keyptur er miði sem gildir í öllum 12 flokkum happdrættisársins sem er frá 1. maí til 30. apríl ár hvert.

Verð miða fyrir hvern flokk er 900 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, nr. 16 13. apríl 1973, sbr. lög nr. 53 25. maí 1976, lög nr. 24 26. mars 1987 og lög nr. 21 17. apríl 1997, um breyting á þeim lögum, öðlast gildi 20. apríl 2004.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 18. mars 2004.

Björn Bjarnason.

Fanney Óskarsdóttir.